



Tillaga að framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði

Inngangur.

Samráðshópur um framtíðaruppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði var skipaður af hálfu byggðaráðs í september 2023 í framhaldi þess að Síldarvinnslan hætti starfsemi fiskvinnslu að hafnargötu 47 í mars 2024. Til þess að minnka höggið óskaði Síldarvinnslan eftir samtali við íbúa og sveitarfélagið um uppbyggingu á annarskonar starfsemi í bænum. Í hópnum sátu fulltrúar Síldarvinnslunnar, Austurbrúar, sveitastjórnar og heimastjórnar Seyðisfjarðar. Með hópnum störfuðu sveitastjóri og atvinnu- og menningarmálastjóri Múlaþings. Starfaði hópurinn í samræmi við erindisbréf. Auglýst var eftir tillögum að atvinnuuppbyggingu og bærust fjölmargar góðar tillögur.

Hópurinn bauð öllum hlutaðeigandi til samtals og byggja meðfylgjandi tillögur m.a. á þeim samtölum og frekari skoðun á einstaka verkefnum sem komu inn til starfshópsins. Forsenda megin hluta tillagna er að Síldarvinnslan leggi til húsnæði sitt að Hafnargötu 47, Seyðisfirði.

Nokkuð margar þeirra tillagna sem voru sendar inn rúmast inni í húsi Síldarvinnslunnar. Verði húsið lagt til breytir það úrvinnslu og möguleikum á að þessi verkefni raungerist í nánustu framtíð. Í fylgiskjölum má sjá nánari útfærslur á hverju verkefni fyrir sig, sumum fylgja vel útfærðar viðskiptaáætlanir en aðrar þurfa frekari úrvinnslu.

Niðurstaða hópsins er þrjúþætt:

1. Síldarvinnslan leggur til húsnæði frystihússins sem skipt verður upp í hentug rými sem ma. geta hýst hluta þeirra verkefna sem tillögur hafa borist um.
2. Uppbygging Klasa á Ferjuleiru líkt og Múlinn á Neskaupsstað sem mun hýsa ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.
3. Uppbygging hótels á Seyðisfirði.

1. Húsnæði frystihússins.

Eftirfarandi hugmyndir koma m.a. til greina :

- Þvottahús – Iðnaðarbil.
- Verkstæði (varmadælur, gömul hús o.fl.) – Iðnaðarbil.
- Rafverkstæði – Iðnaðarbil.
- Brugghús – frystiklefinn.
- Lítil fiskvinnsla- Iðnaðarbil.
- Umhverfisvæn málningarframleiðsla – Iðnaðarbil.
- Boost framleiðsla – Iðnaðarbil.
- Prentverkstæði – Iðnaðarbil.
- Verk- og geymslurými fyrir fiskeldi – Iðnaðarbil
- Verkefnarými og aðstaða fyrir mötuneyti
- Veislurými og framleiðslueldhús
- Skrifstofu- og mötuneytisaðstaða – Þriðja hæð

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir
Sími: 4 700 700
mulathing@mulathing.is
mulathing.is



Fyrsta skref verði að Síldarvinnslan ráði fagaðila til þess að fara yfir hugmyndirnar og skoða þær breytingar sem þarf að gera á húsinu auk kostnaðar- og framkvæmdaáætlunar. Ofantaldar hugmyndir eru settar fram með fyrirvara um mat Veðurstofunnar á heimild til nýtingar á húsinu.

2. Klasinn á Ferjuleiru.

Horft verði til þess að sveitarfélagið beiti sér fyrir því að það náist samkomulag við Ríkiseignir varðandi leigu á aðstöðu fyrir opinbera starfsemi til 20 ára. Slíkt mun skapa forsendur til þess að fara í byggingu og rekstur klasa á Ferjuleiru sem mun þá einnig geta nýst fyrirtækjum og einstaklingum til skemmri og/eða lengri tíma (störf án staðsetningar, fjarnám o.fl.).

3. Hótel og efling ferðatengdrar þjónustu.

Ákveðin undirbúningsvinna er í gangi með stuðningi Síldarvinnslunnar um hagkvæmni hótélbyggingar á Seyðisfirði. Fulltrúar Síldarvinnslunnar leiða fýsileikakönnun og framvindu verkefnisins á því stigi sem málið er í dag.

Niðurlag.

Verði þessi verkefni að veruleika munu skapast fjöldi nýrra fjölbreyttra heilsársstarfa á Seyðisfirði á næstu árum. Mikilvægt er hins vegar að sem fyrst verði hafist handa við framkvæmdir við gerð Fjarðarheiðarganga því um leið og sú framkvæmd hefst eru komin út skilaboð um það að fjárfesting sem leiðir til uppbyggingar atvinnulífs á Seyðisfirði sé vænleg til framtíðar.

Múlaþing 24.04.2024

Fyrir hönd samráðshóps

Björn Ingimarsson sveitastjóri Múlaþings

Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir

Sími: 4 700 700

mulathing@mulathing.is

mulathing.is